



Reuters

## FÓRNARLAMB LEHMAN

ÁR er liðið frá falli bandaríska bankans Lehman Brothers og í tilefni af því efndu nokkrir smáir fjárfestar, sem töpuðu fé sínu í gjaldþrotinu, til uppákomu í Berlín. Er einn þeirra í líki fórnarlambins en að honum þjarna síðan tveir „ráðgjafar“ Citibank og Dresdner Bank en þeir eru sakaðir um að hafa vítað af en þagað um ágæt ástand Lehman Brothers. Á borðanum stendur: „Treystið engum banka. Þeir uppræta sparnaðinn. Bankaráðgjöf – svikaráðgjöf.“ [svs@mbl.is](mailto:svs@mbl.is)

## Kúbuforseti heimtar umbótatillögur

KÚBVERJAR kljást við mörg erfið vandamál, efnahagsástandið er afar slæmt, erfiðlega gengur að tryggja nægilega framleiðslu á mat og dreifingu á honum. Nú hefur hinn 78 ára gamli leiðtogi landsins, Raul Castro, skipað kommúnistahópum í skólum, á vinnustöðum og í borgarhverfum að leggja fram tillögur að lausn á vandamálum eins og spillingu og lítilli framleiðni.

Hóparnir munu halda fund 15. október og eiga þar að segja skoðun sína á því hvernig hægt sé að hleypa nýjum krafti í eina kommúnistaríkið á vesturhveli jarðar.

Ekki stendur þó til að setja spurningarkerki við sjálfstjórnarmenn sem nú hefur staðið yfir í 60 ár og stjórnarandstöðuhópar verða ekki

spurðir álits. En stjórnmöld eru þó sögð leggja sig fram um að ýta nokkuð undir gagnrýni en skilyrðið er að þeir sem beri hana á borð lýsi að öðru leyti fullum stuðningi við kommúnistaflokkinn.

Fjölmíðlarnir hafa ekki enn skýrt frá skipun forsetans en tíðindin berast nú manna á milli í landinu. Svipuð skipun forsetans fyrir tveim árum virtist engin áhrif hafa á stöðu mála og því eru margir vondaufir um árangur að þessu sinni. En ekki allir. „Fólk ræðir málin, menn hafa ekki verið hræddir að undanförunu og núna er þetta öðruvísi af því að fjallað er um mál sem snerta nánasta umhverfi hvers og eins,“ segir flokksfélagi sem hefur tekið þátt í umræðum hópanna. [kjon@mbl.is](mailto:kjon@mbl.is)

## „Faðir minn kenndi mér auðmýkt“

MÖRG þekkt fjölskyldufyrirtæki á Ítalíu, ekki síst tískuvörfyrirtæki eins og Armani, Zegna og Furla, hafa staðist vel áföllin í alþjóðlegu fjármálakreppunni. Er ástæðan m.a. sögð vera sú að ráðamenn þeirra hafi á sínum tíma staðist þá freistingu að afla sér fjár til útbenslu með skráningu á markaði.

„Pau hafa vaxið hægt og rólega, þau hafa ekki keypt upp of mörg fyrirtæki og halda sig oft fjárfri hlutabréfamarkaði til að hafa öruggari stjórn á eigin málum,“ segir Stefania Saviolo, prófessor í hagfræði við Bocconi-háskóla í Milanó.

Furla er þekkt fyrir handtöskur og er mjög sterkt í framleiðslu á dýrum gæðatöskum. Það var stofnað



hún; þessi gildi minni á hugsunarhátt trúarleiðtogsans Kalvíns.

Armando Branchini, sem fer fyrir sjóði stórra fyrirtækja í mun- aðarvöru- og tiskugeiranum, segir fjölskyldufyrirtæki geta haft marga kosti. Eigendurnir herði oft mittisólina þegar illa ári og vinni jafnvel kauplaust. [kjon@mbl.is](mailto:kjon@mbl.is)

# Minna CO<sub>2</sub>-innihald olli myndun heimskaftaíssins

Bráðnunin gæti hafist fyrir alvöru síðar á þessari öld

HÓPUR breskra og bandarískra vísindamanna, sem rannsakað hafa forn setlög í Afríku, telur sig hafa uppgötvað bein tengsl á milli ísmyndunar á heimskaftunum og minna koltvísýringinnihalds í andrúmslofti fyrir 34 milljónum ára. Er uppgötvunin í góðu samræmi við tölvulíkön, sem segja fyrir um myndun ísskjaldanna þegar koltvísýringurinn, CO<sub>2</sub>, minnkar og um bráðnun þeirra þegar hann eykst.

Fyrir 34 milljónum ára minnkaði CO<sub>2</sub> í andrúmslofti mjög skýndilega og er sá atburður kenndur við jarðsöguskeiðið og kallaður eósen-óligósen-loftslagsbreytingin.

Mesta loftslagsbreyting frá tíma risaeðlnanna

„Loftslagsbreytingin var sú mesta frá því risaeðlurnar liðu undir lok fyrir 65 milljónum ára,“ sagði Bridget Wade við Texas A&M University en vísindamennirnir unnu við rannsóknir sínar í Tansaníu. Paul Pearson við háskólann í Cardiff sagði að ekki væru til nein sýnishorn af andrúmsloftinu fyrir 34 millj. ára og því hefði orðið að leita að einhverju öðru, sem sýndi CO<sub>2</sub>-innihaldið á þessum tíma. Þar hefðu setlögin komið til sögunnar en af þeim má ráða, að fyrir loftslagsbreytinguna og myndun heimskaftaíssins, einkum á suðurskaftinu, hafi CO<sub>2</sub>-innihaldið verið 750 hlutar af milljón eða helmingi meira en það er nú.



Suðurskaftlandið koltvísýringismengunin hrundi fyrir 34 milljónum ára og þá myndaðist heimskaftaíssinn.

Í setlögnum í Tansaníu er að finna steingerðar örvuleifar og af þeim má ráða hvert sýrustigið í sjónum var fyrir 34 milljónum ára en sjórinn gleypir í sig mikið af koltvísýringi. Frá þessu segja vísindamennirnir í grein í vísindatímaritinu *Nature* en Pearson telur, að bráðnun heimskaftaíssins hefjist fyrir alvöru þegar CO<sub>2</sub> verður komið í 900 hluta af millj. síðar á þessari öld. [svs@mbl.is](mailto:svs@mbl.is)

## Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 40 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. september 2009, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 7. september 2009 og önnur gjaldfallin álögd gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. september 2009, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fiskisjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun og álögdum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 12.700 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 1.350 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað. Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, af-dreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuáskorunir þannig að fyrrgreindur 40 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. september 2009.

Tollstjóri

Sýslumaðurinn í Kópavogi

Sýslumaðurinn í Hafnarfirði

Sýslumaðurinn í Keflavík

Sýslumaðurinn á Akranesi

Sýslumaðurinn í Borgarnesi

Sýslumaðurinn í Stykkishólmi

Sýslumaðurinn í Búðardal

Sýslumaðurinn á Ísafirði

Sýslumaðurinn í Bolungarvík

Sýslumaðurinn á Patreksfirði

Sýslumaðurinn á Hólmavík

Sýslumaðurinn á Siglufirði

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki

Sýslumaðurinn á Blönduósi

Sýslumaðurinn á Akureyri

Sýslumaðurinn á Húsavík

Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Sýslumaðurinn á Eskifirði

Sýslumaðurinn á Höfn

Sýslumaðurinn í

Vestmannaeyjum

Sýslumaðurinn á Selfossi

Sýslumaðurinn í Vík

Sýslumaðurinn á Hvolsvelli